

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar —Janúar 2023

Skráð atvinnuleysi í janúar var 3,7%

Skráð atvinnuleysi í janúar var 3,7% og jókst úr 3,4% í desember. Atvinnuleysi er yfirleitt mest yfir vetrarmánuðina og þá aðallega í janúar og febrúar en fer svo lækkandi yfir vor og sumarmánuðina.

Að meðaltali voru 6.787 atvinnulausir í janúar, 3.827 karlar og 2.960 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 339 frá desember.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 6,0% og breyttist ekki frá desember. Hins vegar var atvinnuleysið 9,5% í janúar 2022. Atvinnuleysi jókst alls staðar hlutfallslega frá desember 2022 nema á Suðurnesjum þar sem það breyttist ekki.

Alls komu inn 546 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 262 störf, önnur teljast almenn störf.


Í janúar 2023 gaf Vinnumálastofnun út 333 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 238 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 126 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 207 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 34 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2023 með samtals 207 starfsmenn.

Alls voru 3.373 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok janúar en voru 4.478 í lok janúar 2022.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi í febrúar breytist lítið og gæti orðið á bilinu 3,5% til 3,7%.

Þróun atvinnuleysis jan. 2021 til jan. 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 6,0% og breyttist ekki frá desember. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 9,5% í janúar 2022. Næst mest var atvinnuleysið 3,8% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi jókst alls staðar í janúar nema á Suðurnesjum.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,5% og á Vesturlandi og á Vestfjörðum 2,4%. Á Austurlandi mældist atvinnuleysið 2,5%, á Suðurlandi 2,8% og á Norðurlandi eystra mældist atvinnuleysið 3,3% í janúar.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í desember og janúar.


Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 3,9% og 3,6% meðal kvenna, á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi var 2,7% meðal karla og 2,0% meðal kvenna og á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,8% og atvinnuleysi kvenna 1,0%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í janúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis


Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.189 í lok janúar, 3.989 karlar og 3.200 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 205 frá desemberlokum og atvinnulausum konum fjölgaði um 136.

Alls voru 677 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 70 frá desember. Í janúar 2022 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 1.076.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.373 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok janúar. Þessi fjöldi samsvarar um 7,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 47% í janúar.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.661 sem er um 49% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok jan. 2023




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í janúar 2023 gaf Vinnumálastofnun út 333 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 238 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 126 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 207 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í janúar, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 83 leyfi. Þá voru gefin út 80 sérfræðileyfi og 47 þjónustusamningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í janúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa sérhæfðs iðnverkfólks eða 27%, 26% vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 21% vegna verkafólks. Um 26% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í janúar 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 34 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2023 með samtals 207 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 434 í janúar á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 60%, 21% frá Litháen og 9% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 10% starfsmanna komu frá níu öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun


Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar 2023 voru gefin út 64 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 32 einstaklingar, sex fóru til Rúmeníu og eins sex til bæði Spánnar og Tékklands. Þá voru gefin út 14 vottorð til viðbótar til átta annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, janúar 2023



Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í janúar 2023



Pátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í janúar voru 354 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 15 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 265 einstaklingar.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í janúar 2023

Alls komu inn 546 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 262 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 36% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 26% eru á Suðurnesjum og 19% á Norðurlandi eystra. Þá eru 20% annarsstaðar á landinu.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra